



LOGO

Sveitarfélögin Bláskógabyggð kt. 510602-4120, Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410 og Hrunamannahreppur, kt. 640169-2309, hér eftir nefnd sveitarfélögin, annars vegar, og Íþróttafélag Uppsveita, hér eftir nefnt ÍBU, kt. 520320-0320, hins vegar, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. Um samninginn, tilgangur og hlutverk

Samningi þessum er ætlað að:

- Efla samstarf milli sveitarfélaganna og ÍBU.
- Tryggja öflugt íþróttá, tómsunda- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglunga í sveitarfélögunum.
- Tryggja enn frekar starfsemi ÍBU og auka þannig fjölbreytileika þeirra íþróttá- og tómsunda sem í boði eru í sveitarfélögunum.
- Stuðla að því að ÍBU geti boðið iðkendum upp á fleiri íþróttagreinar og/eða námskeið.
- Auka fagmennsku og þekkingu í starfi ÍBU jafnt á íþróttá-, félags og rekstrarlegu sviði.
- Að stuðla að forvörnum m.a. með fræðslu til iðkenda og starfsmanna um skaðsemi vímuefna, einelti, kynbundið áreitni, kynferðislegt áreitni eða ofbeldi.

2. Samskipti ÍBU og sveitarfélaganna

Öll samskipti sveitarfélaganna við ÍBU fara fram við yfirstjórn félagsins.

3. Faglegar kröfur til ÍBU

ÍBU skal starfa af fagmennsku að öllum þáttum starfsins og gera sömu kröfur til félagsmanna sinna og iðkenda.

3.1 Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Ekki er gerð krafa um að ÍBU fái viðurkenningu frá ÍSÍ um að vera fyrirmyndarfélag á samningstímanum. Hins vegar má í handbók ÍSÍ um Fyrirmyndarfélag finna lýsingu á faglegum vinnubrögðum/forsendum sem ætlast er til að félög sem vinna með börnum og unglungum í íþróttá- og æskulýðsstarfi starfi eftir og mun ÍBU líta til þeirra atriða í sínu starfi. Þar eru kröfur sem snúa að íþróttá-, félags- og fjárhagslegum málefnum auk þess sem gerðar eru kröfur um að félög starfi eftir forvarnarstefnu, móti sér stefnur í jafnréttis- og umhverfismálum- og viðbraðgsáætlun við hvers konar einelti og ofbeldi, s.s. andlegu, kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi.

3.2 Forvarnarstefna sveitarfélaganna og forvarnarstarf félagsins

ÍBU skal taka mið af forvarnarstefnum sveitarfélaganna við gerð sinna áætlana og ganga úr skugga um að stefna félagsins gangi ekki þvert á stefnur sveitarfélaganna.

Farið er fram á að félagið vinni markvisst að forvarnarstarfi og starfi eftir hegðunarviðmiðum ÍSÍ. Kynna skal hegðunarviðmiðin fyrir iðkendum, foreldrum, þjálfurum og stjórnarmönnum félagsins og skulu þau vera vel sýnileg á heimasíðu félagsins. Sjá nánar: <https://isi.is/fraedsla/hegdunarvidmid-isi/>. Skipulag og framkvæmd þessa liðar skal koma fram í árlegri skýrslu félags.

Samtímis þarf þarf félagið að standa fyrir fræðslu til þjálfara, stjórnarmanna, iðkenda og foreldra um hvers konar einelti, kynbundið/kynferðislegt áreiti og ofbeldi. Einnig þurfa verkferlar að vera til staðar um viðbragð og upplýsingar um hvernig og hvert skuli tilkynna atvik. Óháður ráðgjafi í þessum málum er Samskiptaráðgjafi ÍSÍ, sjá <https://www.samskiptaradgjafi.is/>. Skipulag og framkvæmd þessa liðar skal koma fram í árlegri skýrslu félags.

Sem hluti af sínu forvarnarstarfi skal ÍBU móta verklag/viðbragðsáætlun við óvæntum atriðum svo sem slysum á æfingum/viðburðum og við ofbeldis- og kynferðisbrotum innan starfs þess. Á vettvangi Samskiptaráðgjafa eru að koma heildstæðar áætlanir um þessi atriði sem félög á landsvísi geta nýtt sér: www.samskiptaradgjafi.is.

Allir þeir sem starfa við æskulýðsstarf, bæði sem launamenn og sjálfboðaliðar, skulu skila inn gildu sakavottorði. Þess skal gætt að leiðbeinendur í ungmennastarfi hafi ekki gerst sekir um brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kalla skal eftir sakavottorði til staðfestingar á þessu og er óheimilt að fá til starfa einstakling sem hlotið hefur refsisdóm vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga. Sjá nánar: <https://isi.is/fraedsla/samthykki-um-uppflittingu-i-sakaskra/>. Aðstoð við að afla sakavottorða erlendis frá getur ÍBU fengið hjá íþrótt- og tólmstundafulltrúa/verkefnastjóra heilsueflandi samfélags.

Hluti af forvarnarstarfi ÍBU er að sjá til þess að ekki séu tengingar við áfengi eða áfengisneyslu í starfi sem börn og ungmenni (18 ára og yngri) taka þátt í.

Aðilar eru sammála um að stefna að því að ungmenni hafi fulltrúa í stjórn ÍBU, þá eru aðilar sammála um að stofnað verði foreldraráð ÍBU. Aðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að skýr umgjörð verði um ráðningu þjálfara, svo sem með ráðningarsamningum, og að menntun þjálfara verði aukin, svo sem með námskeiðum á vegum ÍSÍ. Í ársskýrslu verði gerð grein fyrir ráðningum þjálfara og hvort sakavottorðs hafi verið aflað.

3.3 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu vinna að því að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Mælt er til að starf ÍBU taki mið af markmiðunum í sínu starfi og leggja sitt af mörkum til vinnu sveitarfélaganna við að ná sínum markmiðum.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf. Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Sá punktur á vel við í heilsueflandi samfélögum þar sem unnið er að heilsujöfnuði fyrir alla.

Út frá starfsumhverfi félagasamtaka þá eru eftirfarandi heimsmarkmið sérstaklega mikilvæg: sjá nánar leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna um innleiðingu heimsmarkmiðanna í starfsemi íþróttafélaga

https://www.sdgfund.org/sites/default/files/report-sdg_fund_sports_and_sdgs_web.pdf



Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggum til grafar



Tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi



Jafnrétti kynjanna verði tryggt og staða allra kvenna og stúlkna styrkt



Draga úr ójöfnuði í heiminum



Gera borgir og íbúðasvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg



Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa

3.4 Þátttaka í uppbyggingu heilsueflandi samfélags

ÍBU skal taka þátt í uppbyggingu heilsueflandi samfélags. Í því felst að félagið skipuleggi/haldi eða komi að minnsta kosti einu heilsueflandi verkefni/viðburði á ári að ósk viðkomandi sveitarstjórnar sem er vel auglýst t.d. í fréttabréfum uppsveitanna og á öðrum miðlum þeirra, og er í boði fyrir alla íbúa samfélagsins, óháð staðsetningu, aldri, kyni, trúarbrögðum, fötlun, kynþætti eða þjóðerni. Starfsmaður heilsueflandi samfélags/íþróttafulltrúi í sveitarfélaginu getur verið innan handar við skipulagningu og auglýsingu viðburðar. Um getur verið að ræða t.d. viðburð sem flokkast sem almenningsíþróttir, leikjanámskeið eða annað slíkt.

4. Aðkoma sveitarfélaganna

4.1 Óbeinir styrkir

Sveitarfélögin styrkja starf ÍBU m.a. með því að hafa skýran ramma um kröfur til félagsins.

ÍBU getur óskað eftir aðstoð og notið stuðnings íþrótt- og tómstundafulltrúa/verkefnastjóra heilsueflandi samfélags til að vinna að því að verða fyrirmyndafélag og vinna við heimsmarkmið, svo og við skipulag og kynningu á viðburðum tengdum heilsueflandi samfélagi.

Sveitarfélögin viðhalda útiaðstöðu og leitast við að hafa hana viðunandi til íþróttaiðkunar og nýtir ÍBU aðstöðu í hverju sveitarfélagi fyrir sig fyrir æfingar og/eða keppni. Gætt skal að því að dreifa álagi á íþróttavellina þannig að vellirnir verði ávallt í sem bestu ástandi.

4.2 Styrkir í formi endurgjaldslausra afnota

ÍBU fær aðgang að íþróttamannvirkjum sveitarfélaganna, þ.e. íþróttasölum og íþrótt- og sparkvöllum fyrir skipulagðar æfingar deilda sinna í samráði við forstöðumenn íþróttamiðstöðva og/eða aðra umráðamenn íþróttamannvirkjanna enda sé þar um að ræða æfingar fyrir heila hópa undir handleiðslu þjálfara. Fylgja skal reglum sveitarfélaganna um notkun íþróttamannvirkjanna. Þjálfari skal mæta a.m.k. 10 mínútum áður en æfing hefst til að taka á mótí iðkendum. Gæta skal þess að áhaldageymslum og aðstöðu við íþróttavelli sem ÍBU hefur aðgang að sé læst eftir notkun.

Óheimilt er að selja auglýsingar í íþróttamannvirkjum sveitarfélaganna, nema með sérstöku samkomulagi við viðkomandi sveitarfélag. Sama gildir þegar nafn íþróttamannvirkja er selt.

Hvert sveitarfélag um sig veitir ÍBU styrk í formi endurgjaldslausra afnota vegna aðgangs að íþróttamannvirkjum í viðkomandi sveitarfélagi. Áætlun um afnotin, þ.e. áætlaðan tímafjöld fyrir næsta reikningsár skal liggja fyrir eigi síðar en í lok október ár hvert. ÍBU skal bjóða upp á æfingar í hverju sveitarfélagi.

Mót og keppnir - Þegar kappleikir, mót og aðrir viðburðir eru á vegum félagsins í íþróttamannvirkjum sveitarfélaganna skal ÍBU sjá um alla umgjörð á slíkum uppákomum eftir þörfum og í samráði við forstöðumann. Er hér átt við að aðstoða starfsfólk íþróttamannvirkja, eftir því sem við á, svo sem við uppsetningu áhorfendabekkja og frágang þeirra, uppsetningu búnaðar sem þarf fyrir viðkomandi viðburð og tiltekt á honum að keppni lokinni, sölu aðgöngumiða, veitingasölu, gæslu, dyravörslu og grófhreinsun íþróttahússins/-svæðisins, taka skal saman óskilamuni og hreinsa rusl og dósir eftir leiki, mót og æfingar. Umsjónarmaður móta félagsins skal mæta a.m.k. einni klukkustund áður en mótíð hefst og taka á mótí liðum, kynna þeim umgengnisreglur íþróttamannvirkja og sjá til þess að þeim sé framfylgt.

4.3 Tryggingar

Sveitarfélögin, hvert um sig, tryggja börn á vegum ÍBU, að 18 ára aldri, með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi, í íþróttastarfi á vegum félagsins. Um er að ræða sambærilega tryggingu og slysatryggingu fyrir grunnskólabörn.

4.4 Fjárhagslegir styrkir

Sveitarfélögin sem eru aðilar að samningi þessum styrkja ÍBU hvert um sig um þá fjárhæð sem tilgreind er hér á eftir. Fjárhæð styrks reiknast með eftirfarandi hætti:

- Árlegur styrkur frá hverju sveitarfélagi, að fjárhæð 500.000 kr, bjóði ÍBU upp á reglulegar æfingar yfir hvert starfsár og þátttöku í mótum í einni grein, auk námskeiða, td. í frjálsum íþróttum.
- Styrkur hvers sveitarfélags hækkar um 300.000 kr og verður því 800.000 kr á ári bjóði ÍBU upp á skipulagt starf í annarri íþróttagrein, reglulegar æfingar yfir hvert starfsár og þátttöku í mótum.

Árið 2024 er fjárhagslegur styrkur frá hverju sveitarfélagi því kr. 800.000.

Fyrirkomulag útborgunar á styrk:

- 80% af styrktarupphæð er borguð 1. febrúar ár hvert.
- 20% af styrkupphæð er borguð 1. október ár hvert.
- Styrkur vegna ársins 2024 greiðist út innan viku eftir staðfestingu hverrar sveitarstjórnar fyrir sig.

Önnur skilyrði fyrir styrkgreiðslum eru:

- Að 70% af hinum árlega styrk séu eyrnamerkt barna- og ungmennastarfi ÍBU og skulu fjármál þessa starfs vera aðgreind fjárhag meistaraflokks í rekstri félagsins.
- Aðkoma að árlegum heilsueflandi viðburði innan hvers sveitarfélags, að ósk viðkomandi sveitarstjórnar, sjá grein 3.4, gjarnan tengt við þema hvers árs hjá heilsueflandi samfélagi eða almenningsíþróttir.
- ÍBU skal standa fyrir skipulögðu íþróttastarfi á ársgrundvelli fyrir börn, a.m.k. frá sex ára aldri, ungmenni og meistaraflokk.
- Bjóða skal upp á æfingar í hverju sveitarfélagi.
- Í ársskýrslu skal koma fram skipulag og framkvæmd þess forvarnarstarfs sem áður er nefnt í 3. lið.

5. Almenn ákvæði

a) *Gildistími* - Þjónustusamningur þessi gildir frá undirritun til ársloka 2028.

b) *Greiðslur* – Greiðslur í samningi þessum skulu greiðast samkvæmt ofangreindum skilmálum, sjá 4. lið. Samningsaðilar geta í sérstökum samningi/þjónustusamningi samið um önnur einstök verkefni á vegum sveitarfélaganna.

c) *Ágreiningur* - Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum eða fylgiskjölum hans skulu aðilar leitast við að ná sátt. Náist ekki sættir getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms, sem þannig sé skipaður: Hvor aðili

um sig tilnefnir einn mann í dóminn, en sýslumaðurinn á Suðurlandi tilnefnir oddamann. Komi til málshöfðunar út af samningi þessum, er hvorum aðila um sig heimilt að sækja málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

d) Endurskoðun – Hvorum aðila um sig er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins í heild eða á einstökum liðum ef upp koma hugmyndir um nýjungar, ný verkefni eða ef forsendur breytast verulega. Beiðni um endurskoðun skal gerð með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Kröfu um endurskoðun verður að koma á framfæri við sveitarfélögin áður en árleg vinna við fjárhagsáætlun hefst og eigi síðar en 1. september. Við sérstakar aðstæður er hægt að endurskoða þennan samning án fyrirvara að gefnu samþykki beggja aðila.

Komi fram beiðnir um endurskoðun einstakra liða gildir samningurinn óbreyttur þar til ný samningsákvæði hafa verið samþykkt af báðum aðilum.

e) Riftun – Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvís að því að brjóta gróflega eða ítrekað ákvæði samnings þessa, eða um er að ræða stórfelldar vanefndir á samningum eða forsendur samningsins breytast verulega getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi mánuði eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi aðila. Samningsaðild sveitarfélaganna er ekki háð því að þau séu öll aðilar að samningnum, óski eitt sveitarfélag t.a.m. eftir því að hætta samstarfinu geta hin eftir sem áður haldið því áfram.

f) Eftirlit - Eftirlit með samningi þessum af hálfu hvers sveitarfélags fyrir sig er í höndum sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags. Ársskýrslu félagsins skal skilað inn eigi síðar en 1. júní ár hvert. Skili félagið ekki skýrslum á tilteknum tíma stöðvast greiðslur til þess þar til þær hafa verið lagðar fram fyrir sveitarstjórnir sveitarfélaganna. Til viðbótar við ársreikning skal fylgja með tölfræði yfir þátttöku á viðburðum, ítarleg skýrsla um nýtingu fjármuna og annáll yfir starf félagsins. Eins skal koma þar fram skipulag og framkvæmd þess forvarnarstarfs sem áður er nefnt í 3. lið.

Samningur þessi er gerður í fimm samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan.

_____ 2024

F.h. Bláskógabyggðar

F. h. ÍBU

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

F.h. Hrunamannahrepps

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps